

Vistfræði bleikju og urriða í Elliðavatni, Hafravatni og Vífilstaðavatni

Katrín Sóley Bjarnadóttir^{1,2} og Guðni Guðbergsson¹

¹Veiðimálastofnun, Vagnhöfða 7, 110 Reykjavík

²Líffræðistofnun Háskóla Íslands, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

Markmið verkefnisins er að gera samanburð á vistfræði Elliðavatns, Hafravatns og Vífilstaðavatns. Rannsakað verður hvort munur á stofnstærð og tegundasamsetningu bleikju (*Salvelinus alpinus*) og urriða (*Salmo trutta*) mótist af umhverfi, fæðuframboði og samkeppni tegunda. Niðurstöður rannsókna 2005 verða bornar saman við eldri gögn og vötnin innbyrðis þar sem um er að ræða tvö grunn lindarvötn á móti einu djúpu dragvatni. Elliðavatn og Vífilstaðavatn eru grunn lindarvötn, í Elliðavatni er mesta dýpi um 2 metrar en í Vífilstaðavatni er meðaldýpi um hálfur metri. Hafravatn er djúpt dragvatn þar sem mesta mældu dýpi er 28 metrar, en meðaldýpi 8 metrar. Öll vötnin eru á láglendi í nágrenni Reykjavíkur og hafa stofna bleikju og urriða.

Fyrri rannsóknir hafa sýnt að bleikjunnir er að fækka í Elliðavatni og kemur hið sama í ljós í þessari rannsókn. Bleikja virðist vera í algjöru undanhaldi þar sem um 8,6 föld minnkun hefur átt sér stað á síðastliðnum 7 árum (afli mældur úr netaröð sem er 11 net með mismunandi möskvastærð frá 12-60 mm). Afli urriða hefur aftur á móti haldist stöðugur. Í Hafravatni er um 5,6 föld aflu aukning á urriða síðan 1998 en bleikja virðist haldast í svipuðu magni. Í Vífilstaðavatni er um 3,1 föld minnkun á bleikju en urriði helst stöðugur. Munur er á fjölda smádýra á milli vatnanna, bæði á botni og í svifi. Á botni er mikið af smádýrum bæði í Hafra- og Vífilstaðavatni en frekar lítill fjöldi í Elliðavatni. Fjöldi svifdýra er yfirgnæfandi mestur í Hafravatni sem er í samræmi við dýpt vatnsins, en minnstur í Elliðavatni.

Breytileiki á fjölda smádýra á milli vatnanna tengist líklega formi og lögun þeirra. Fyrstu niðurstöður benda til að lífsaga bleikju og urriða mótist af umhverfi vatnanna og að breytingar hafa orðið frá 1998.